

Fundargerð

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. haldinn að Stóru-Tjarnaskóla 3. júní kl 13:00. Formaður félagsins, Pétur Snæbjörnsson, setti fund, bauð fundarmenn velkomna.

Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Helgu Erlingsdóttur og fundarritara, Guðmund Guðmundsson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þau því sjálfkjörin til þeirra starfa.

Var síðan gengið til dagskrár skv. 14. gr. samþykkt félagsins.

1) Skýrsla stjórnar. Formaður stjórnar, Pétur Snæbjörnsson flutti skýrsluna. Í máli hans kom m.a. fram að stjórnin hefur haldið 7 formlega fundi frá síðasta aðalfundi. Hann gerði grein fyrir starfsemi félagsins, en óvissa hefur verið um rekstur vegna þess að Byggðastofnun hefur sagt upp samningum við atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Pétur fjallaði um einstök verkefni félagsins og stefnumörkun þess. Skýrslu stjórnar verður dreift til hluthafa ásamt fundargerð þessari.

2) Reikningar félagsins fyrir árið 2001. Framkvæmdastjóri, Tryggvi Finnsson fór yfir reikninga félagsins sem áritaðir hafa verið athugasemdalaust af löggiltum endurskoðanda félagsins, Birni St. Haraldssyni og skoðunarmanni, Þorgrími Sigurðssyni. Helstu niðurstöður reikninganna eru:

Rekstrartekjur 13.069.090,-
Rekstrargjöld (13.287.633,-)
Fjármagnsliðir (4.256,-)
Tap ársins (222.799,-)

Fastafjármunir 970.141,- Veltufjármunir 780.685,-
Eigið fé 380.604,- Skuldir 1.370.222,-
Niðurstaða efnahagsreiknings 1.750.826,-.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga fóru fram samhliða og voru skýrslan og reikningarnir samþykkt samhljóða.

3) Ráðstöfun hagnaðar/taps. Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins.

4) Kosning stjórnar. Fundarstjóri kynnti tillögu frá aðalhluthöfum, Húsavíkurkaupstað og Byggðastofnun:

Aðalstjórn:
Aðalsteinn Á. Baldursson
Björn Ingimarsson
Guðmundur Guðmundsson
Helgi Kristjánsson

Pétur Snæbjörnsson
Til vara: Haraldur Bóasson
Margrét Vilhelmsdóttir

Fleiri tillögur bárust ekki og eru ofanrituð því sjálfkjörin í stjórn og varastjórn.

5) Kosning endurskoðanda. Fyrir fundi lá tillaga um að löggiltur endurskoðandi félagsins yrði kjörinn PriceWaterhouseCoopers hf. - Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi og félagskjörinn skoðunarmaður, Þorgrímur Sigurðsson. Fleiri tillögur komu ekki fram og eru endurskoðandi og félagskjörinn skoðunarmaður því sjálfkjörnir.

6) Þóknun stjórnar. Fram kom tillaga um að stjórnarlaun hækki um 10% og verði kr. 22.000,- fyrir árið 2002 og laun formanns tvöföld sú upphæð. Varamenn fá greitt hlutfall af ársþóknun í samræmi við fundarsetu þeirra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7) Tillaga stjórnar um hækkun framlaga sveitarfélaga fyrir árið 2003

Formaður lagði fram tillögu um að framlög sveitarfélaga yrðu hækkuð um 10%. Sigbjörn Gunnarsson spurði um hvernig fyrirkomulagi greiðslna væri háttáð og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir því hvernig þetta er orðað í samþykktum félagsins. Nokkrar umræður urðu um málið. Reinhard Reynisson lagði fram eftirfarandi breytingartillögu: “ Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf samþykkir að heimila stjórn félagsins að leggja fram tillögu um hækkun á framlögum sveitarfélaga. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál. Framkvæmdastjóri fjallaði um mismunandi form á starfsemi atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Hann lagði áherslu á að efla þyrfti samstarf félagsins og sveitarstjórna. Steindór Sigurðsson upplýsti að hann væri að kveðja héraðið og þakkaði mönnum samstarf á umliðnum árum. Reinhard Reynisson þakkaði samstarfsmönnum í stjórn og starfsmönnum samstarf undanfarinna ára. Hann lagði áherslu á að félagið hefði hlutverki að gegna á þessu stóra starfsvæði og óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í sínum störfum á komandi árum.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum og sleit fundi.

Að loknum aðalfundi voru Guðna Halldórssyni, forstöðumanni Safnahússins á Húsavík afhent hvatningarverðlaun félagsins fyrir árið 2002. Þá var efnt til málþings þar sem Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Kristján Skarphéðinsson deildarstjóri byggðamála kynntu nýja byggðaáætlun og Tryggvi Finnsson, Jóna Fanney Friðriksson og Ari Teitsson fjölluðu um byggðaþróun, stöðuna í dag og horfur í næstu framtíð.

Guðmundur Guðmundsson
fundaritari